

Áhugaverðar síður

Samgöngustofa - ökunámið:

<https://www.samgongustofa.is/umferd/nam-og-rettindi/okunam/>

Umferðamerkin:

<http://www.vegagerdin.is/vegakerfid/umferdarkerki/>

Ökuskólar:

Urðarbrunnur

<https://www.urdarbrunnur.is/>

Netökuskólinn

<https://www.netokuskolinn.is/>

Netökuskólinn Ekill

<https://nam.ekill.is/Skolinn/index.htm>

Ökuskóli 17.is

<http://www.17.is/frontpage>

Ökuskólinn Mjódd

<https://bilprof.is/>



Ökukennsla Hólmar

Ökukennari:

Hólmar Björn Sigþórsson

Heimilisfang:

Vættaborgir 22, 112 Reykjavík

Sími:

835 2345

Netfang:

okukennsla.holmars@gmail.com

Kennslubifreið:

Nissan Qashqai 2018

Heimasíða:

www.okunemar.is



Til hamingju með að hefja ökunám !



Ökukennsla Hólmar

Ökukennsla til almennra ökuréttinda - flokkur B



Að hefja ökunám

Upplýsingar fyrir foreldra og verðandi ökunema

Hólmar Björn Sigþórsson
Ökukennari

Að hefja ökunám- Fyrstu skrefin

Ökunám til almennra ökuréttinda getur hafist við 16 ára aldur.

Byrjað er á að sækja um námsheimild/umsókn um ökuskírteini hjá sýslumanni.

Næstu skref eru að hafa samband við ökukennara sem skipuleggur næstu skref ökunámsins með ökunemanum.

Ökukennarinn útvegar ökunáms-bók, í hana eru skráðir ökutímarnir, Ökuskóli 1, 2 og 3, æfingarleyfi o.fl. Ökunámsbókin þarf alltaf að vera með í ökutímum hjá ökukennara.

Ökuskóli 1 er tekinn samhliða kennslu hjá ökukennara. Taka þarf að lágmarki 10 tíma hjá ökukennara og að ökuneminn hafa staðist nám í ökuskóla 1 áður en æfingaakstur með leiðbeinanda hefst. Það er ökukennarinn sem metur hvenær ökuneminn er tilbúinn í æfingsarakstur.

Það má hafa fleiri en einn leiðbeinanda. Ökunámsbókina þarf alltaf að hafa með í æfingaakstri.

Þegar æfingaakstri er að ljúka og ökuneminn er orðinn leikinn í akstri þá er gott að huga að því að hafa samband við ökukennara og hefja nám í ökuskóla 2.

Ökuneminn þarf að hafa tekið a.m.k. 12 tíma hjá ökukennara til að geta farið í Ökuskóla 3 sem er síðasti hlekkurinn í náminu áður en próf eru tekin.

Skriflega prófið má taka 2 mánuðum fyrir 17 ára afmælisdaginn. Prófið er krossapróf og hefur reynst mörgum erfitt. Því er mikilvægt að sinna náminu vel.

Verklegt próf / munnlegt próf má taka 2 vikum fyrir 17 ára afmælisdaginn. Ökukennarinn pantar tíma hjá Frumherja. Verklega prófið er bæði aksturs- og munnlegt próf.

Í munnlega prófinu er spurt um hluti eins og stjórnþæki bílsins, mæla, gaumljós, sæti, spegla, öryggisbúnað, hemla ofl.

Í verklega prófinu er ekið í u.þ.b. 30 -35 mínútur eftir fyrir fram ákveðinni leið með einum prófdómara.

Neminn þarf að hafa lokið að lágmarki 16 tímum (45 mín) hjá ökukennara til að fá að taka verklega prófið.

Allan tímann mun ökukennari aðstoða þig og minni þig á þá hluti sem þú þarft að muna eftir í ökunáminu svo sem að panta tíma í ökuskólum, sækja um ökuskírteini og fl.

Ökunámið þitt er sameiginlegt verkefni ökukennara og ökunema.

Með góðri samvinnu ferð þú út í umferðina glaður og öruggur ökumaður.



Hvað kostar ökunámið?

Ökuskóli 1: 7.900 – 19.500 kr.

Ökuskóli 2: 7.900 – 13.500 kr.
Verðið fer eftir því hvaða ökuskóli verður fyrir valinu.

Ökuskóli 3: 44.500 kr.

Bóklegt próf: 4.000 kr.
Greiðist til prófunaraðila.

Verklegt próf: 10.900 kr.
Greiðist til prófunaraðila.

Bráðabirgðaökuskírteinis:
4.000 kr.
*Gildir í allt að þrjú ár.
Greiðist hjá sýslumanni.*

Fullnaðarökuskírteini: 8.000 kr.
*Gildir í allt að 15 ár.
Greiðist hjá sýslumanni.*

Námsgögn: 5.000 – 7.500 kr.

Ökutími hjá ökukennara:
11.500 kr.
*Lengd ökutíma er að meðaltali 45 mín.
Lámarsfjöldi ökutíma 16.*

Kennslubifreið í verklegu prófi:
11.500 kr.

Akstursmat vegna útgáfu fullnaðar -skírteinis - kennslubíll notaður:
11.500 kr.

Akstursmat vegna útgáfu fullnaðar -skírteinis - eigin bíll notaður:
9.000 kr.

Gera má ráð fyrir að heildarkostnaður ökunáms sé í kringum 285.000 kr. Þurfi ökuneminn fleiri ökutíma en lágmarks krafa er um, hækkar upphæðin í samræmi við það.